

Ágætu konur.

Nú fer Kvennarútan að renna í hlað hjá ykkur og mikið hlökkum við allar til að hittast.

En hver er tilgangurinn með þessari Kvennarútu, hvaða uppáttæki er nú þetta?

Jú, sannarlega eignum við brýnt erindi við ykkur. Við bókstaflega verðum að hittast og ræða saman og leggja á ráðin í baráttunni fyrir bættum hag kvenna.

Konur í þéttbýli og konur í strjálbýli eiga svo ótalmargt sameiginlegt, þó ræður búsetan því stundum að reynsluheimur okkar er mismunandi og einmitt þess vegna verðum við að hittast og miðla hverri annarri af reynslu okkar og skoðunum.

Fyrir réttu ári komst Kvennalistinn inn á þing. Eins og þið eflaust munið voru kosningar óvenju snemma, eða í apríl og færð um landið erfið. Þetta varð til þess að aðeins komu fram kvennalistar í þremur kjördænum: Reykjavík, Reykjanesi og Norðurlandi-eystra. Okkur lánaðist að fá inn tvær konur úr Reykjavík og eina af Reykjanesi en enga af Norðurlandi enda vegir þar illfærir á þessum árstíma og erfitt að ná til kvenna í kjördæminu.

Konur í öðrum kjördænum áttu þess hreinlega ekki kost að greiða kvenfrelsisbaráttunni atkvæði sitt. Þessi kjördagur hefur eflaust reynst mörgum konum utan kjördæmanna þriggja erfiður. Og þetta lá um við ekki henda aftur.

Konurnar okkar á þingi hafa staðið sig með mikilli prýði. Við Kvennalistakonur trúum á ágæti valddreifingar og höfum starfað samkvæmt því. Stór hópur kvenna hefur fylgst mjög náið með þingstörfunum, skipst hefur verið á skoðunum og sameiginlegar ákvarðanir teknar.

Vinnan hefur verið mikil, því allt sem frá okkur kom var nýsmíði - við áttum hvorki gömul ósamþykkt frumvörp eða þingsályktanir, sem hægt var að dusta rykið af og flytja í þinginu. En uppskera erfiðis síðustu missera dylst engum sem sjá vill. Það hefur hafist hugarfarsbreyting.

Einn höfuð tilgangur þessarar rútuferðar er að sameina konur um allt land í kvenfrelsisbaráttunni og takmarkið er virkur Kvennalistahópur (stundum kallaður angí) í hverju kjördæmi.

Við þurfum að tala saman um það hvernig við röðum verkefnunum okkar - hvaða mál eru forgangsverkefni - hvaða málum er verst komið - hvað bætir hag flestra. Eru það launamálin, tryggingamálin, starfsmatið eða eitt-hvað af öllum hinum málunum, sem of langt er að telja upp hér?

Þið sjáid að við höfum um margt að spjalla. Eini gallinn er sá að tímans vegna getum við ekki átt saman langa stund að sinni - nema þær ykkar sem sjá sér fært að slást í för með okkur á yfirreiðinni. Við verðum á 20 sæta rútu (með kvenbílstjóra). Þið eruð auðvitað velkomnar í hana eins og plássið leyfir. Og við trúum ekki öðru en hægt sé að galdrá fram einhver farartæki í héraði ef á þarf að halda til að hópurinn geti fylgst að.

Munum það stelpur að það er enginn sem bætir hag kvenna nema þær sjálfar.

Við hlökkum til að hitta ykkur og heyra hvað ykkur finnst mest aðkallandi.

Rútuþópur Kvennalistans
Hótel Vík
101 Reykjavík
sími 13725 (milli kl. 14⁰⁰ og 18⁰⁰)